

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Varðar tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, 62. mál.

Vísað er í bréf samgöngunefndar Alþingis, dags. 6. febrúar 2003, þar sem óskað er umsagnar Umferðarstofu um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Bílum hefur fjölgað hér á landi og sala á eldsneyti hefur aukist. Aukin eldsneytisnotkun hefur í för með sér aukna CO₂ mengun. Á hinn bóginn hefur dregið stórlega úr CO, HC og NO_x mengun eftir að hvarfakútar urðu almennir í fólksbifreiðum. Umferðarstofa sér ekki ástæðu til að taka afstöðu til þess hvernig almenn skattlagning er á bifreiðar en telur óráðlegt að skattleggja akstur bifreiða sérstaklega, sem aka með negldra hjólbarða. Þótt notkun negldra hjólbarða kunni að orka tvímælis á Höfuðborgarsvæðinu verður gagnsemi þeirra á þjóvegum og minni byggðum ekki vefengd.

Á undanförunum árum hefur átt sér stað mikil þróun í gerð negldra hjólbarða. Bæði eru naglar nú mun léttari en áður var og þar að auki eru þeir færri í hverjum hjólbarða. Fyrir bragðið er það mat manna að þær skemmdir sem oft er rætt um að verði á yfirborði slitlags séu innan við 20% af því sem var fyrir u.þ.b. áratug síðan.

Umferðarstofa vekur hins vegar athygli á því að með breyttum akstursháttum er hægt að draga verulega úr umhverfismengun vegna bílaumferðar með því að beita svokölluðum „vistakstri“ sem íslenskir ökukennarar hafa verið að taka upp í ökukennslu á undanförunum misserum. Getur slíkur akstur sparað mikið eldsneyti og dregið úr loftmengun og síðast en ekki síst aukið umferðaröryggi.

Virðingarfyllst

Karl Ragnars & Sigurður Helgason

